

FUNDARGERÐ

263. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 29. nóvember 2023 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Ingvar Smári Birgisson, Þráinn Óskarsson, Margrét Tryggvadóttir og Mörður Áslaugarson. Silja Dögg Gunnarsdóttir, Marta Guðrún Jóhannesdóttir, Aron Ólafsson, Diljá Ámundadóttir Zoega og Rósa Kristinsdóttir sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Bryndís Dagsdóttir fjármálastjóri Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð

Fundargerð nr. 262 var lögð fram og var samþykkt.

2. Fjármál

Forstöðumaður fjármála kynnti afkomu RÚV fyrir október mánuð og fyrstu tíu mánuði ársins. Tekjur eftir tíu mánuði voru 129 m.kr. yfir áætlun en rekstrarkostnaður fyrir afskriftir voru 92 m.kr. hærrí en áætlað var. Hagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir og fjármagnsliði voru 781 m.kr. Afskriftir séu aðeins undir áætlun en fjármagnsliðir séu 62 m.kr. hærrí en áætlað var vegna hækkunar verðbóta á LSR láni umfram það sem áætlað var. Niðurstaða fyrstu tíu mánaða ársins séu 21 m.kr. fram úr áætlun.

Fyrstu drög að rekstraráætlun fyrir árið 2024 voru kynnt. Áætlað sé að útvarpsgjald hækki um 3,5% frá fyrra ári og gert sé ráð fyrir að auglýsingatekjur hækki um 17,4%. Árið 2024 verði mikið íþróttarár þar sem þrír stórir viðburðir verði á árinu og muni EM karla í fótbolta og Ólympíuleikar verða áberandi í dagskrá sumarsins. Nýr samningur var gerður við STEF á þessu ári sem muni leiða til hærri rekstrarkostnaðar.

3. Kynning sviða: Mannauður

Hildur Sigurðardóttir framkvæmdastjóri mannauðs kynnti áherslur í starfi sviðsins.

4. Minnisþingar útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri fór yfir viðbrögð RÚV vegna jarðhræringa á Reykjanesi og hlutverk RÚV í almannavarnaástandi, sem er m.a. að tryggja nauðsynlega öryggisþjónustu með upplýsingamiðlun um útvarp og eftir öðrum leiðum lögum samkvæmt. Í aðdraganda atburðanna á Reykjaneskaga voru allar áætlanir uppfærðar, farið yfir búnað, fjarskipti, myndavélar á vettvangi o.fl. Áætlunin var síðan virkuð föstudaginn 10. nóvember þegar neyðarstigi almannavarna var lýst yfir. Útvarpsstjóri gerði grein fyrir skipulagi útsendinga og upplýsingamiðlunar á neyðarstigi, sem m.a. fól í sér samfellda mannaða útsendingu á Rás 2 allan sólarhringinn. Þar voru fréttir lesnar á heila tímanum og fréttamenn og dagskrárgerðarfólk upplýsti um stöðu og þróun mála þess á milli. Aukafréttatímar voru í sjónvarpi auk útsendinga frá upplýsingafundum almannavarna, og tilkynningaborðar voru notaðir til að koma mikilvægum skilaboðum á framfæri í gegnum sjónvarp. Lífandi fréttavakt var á ruv.is á íslensku, ensku og pólsku auk annarrar upplýsingamiðlunar. Mikið var lagt upp úr aðgengi allra hópa með tákmalstúlkun allra aukafréttatíma auk samtímatúlkunar á aukafréttatímum á pólsku á vefnum. Stuttar tilkynningar á ensku og pólsku voru spilaðar reglubundið í útvarpi þar sem vakinn var athygli á því hvar nálgast mætti frekari upplýsingar á þeim tungumálum.

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir því að Björn Þór Hermannsson hafi verið ráðinn fjármálastjóri RÚV, en alls sóttu 29 um stöðuna. Björn Þór sé hagfræðingur að mennt með meistarapróf í fjármálahagfræði frá Háskóla Íslands. Hann hafi undanfarin ár verið skrifstofustjóri skrifstofu opinberra fjármála í

Handwritten notes and signatures in blue ink at the bottom right of the page, including initials like "DK", "SDB", and "1313".

fjármála- og efnahagsráðuneytinu og hafi þar sinnt margvíslegum greiningum, komið að gerð og þróun ýmissa reiknilíkana og búi yfir mikilli þekkingu á opinberum fjármálum o.fl.

Starfshópur hafi verið settur á laggirnar innan RÚV sem hafi það hlutverk að móta leiðbeiningar og vinnureglur um notkun og þróun gervigreindar í starfsemi RÚV, fylgjast með þróun þessara mála og vera til ráðgjafar og stuðnings í allri starfsemi RÚV á þessu sviði.

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir nýjum samningi RÚV og Öldu music, um útgáfu á tónlistarefni sem RÚV framleiðir. Um er að ræða uppfærslu á eldri samningi og er markmiðið að efla stafræna útgáfu á eldra efni úr safni RÚV.

Loks gerði útvarpsstjóri grein fyrir erlendum heimsóknum til RÚV, m.a. frá Lettlandi og upplýsti að Arne Helsingen hefði nýverið verið ráðinn framkvæmdastjóri Nordvision. Loks var gerð grein fyrir stöðu viðræðna við IHM.

5. Undir önnur mál

Stjórnarmaður spurðist fyrir um stöðu fyrirspurnar um netöryggismál. Unnið er að svörum og stefnt að því að þau verði tilbúin fyrir næsta fund. Þá spurði stjórnarmaður um fjölda kvartana vegna brota á siðareglum RÚV á undanförunum árum. Útvarpsstjóri upplýsti að þrjú slík erindi hefðu borist á árabílinu 2016-2021. Tveimur erindum sem sneru að starfsmönnum RÚV var beint til siðanefndar BÍ á árinu 2022 og lauk þeim báðum með þeirri niðurstöðu siðanefndar BÍ að siðareglur hefðu ekki verið brotnar.

Fundi slitið.

Silja D. Gunnarsdóttir

hru. Dís

Margrét Tryggvadóttir

Rose Krusdóttir

Þórunn Óshólmur

Halfríður Halldórsdóttir

Ólafur

Diljá Annúníad. Loéga

Tracy S. Bergsson